

## Skólaráð 15. mars 2019

Mættir: Helgi Grímsson sviðsstjóri SFS, Soffía Vagnsdóttir skrifstofustjóri SFS, Karl og Helga Dögg fulltrúar foreldra, Fannar fulltrúi grenndarsamfélagsins, Guðrún Þ. og Elsa fulltrúar kennara, Aðalbjörg og Árni.

Fundarritari: Árni

Dagskrá: Húsnæðismál Fossvogsskóla

- Ákveðið var hvar skólastarf Fossvogsskóla verður á komandi mánuðum. Skólastarfið flyst í Laugardalinn. Kennsla 4. - 7. bekkja verður í húsnæði KSÍ og kennsla í 2. og 3. bekk verður í húsnæði Þróttar og Ármanns. Kennsla 1. bekkjar verður í Útlandi fyrst um sinn á meðan leitað er eftir húsnæði fyrir þá nemendur en stefnt er á að skólastarfið verði allt í Laugardalnum. Ástæða þess að 1. bekkur byrjar í Útlandi er sú að sá hópur þarf á mestum stöðugleika að halda.
- Húsnæði í Laugardalnum undir skólastarfið er til mánaðamóta maí/júní. Verið er að vinna í samningamálum.
- Ferðir til og frá Fossvogsskóla í Laugardalinn verða með rútum og fyrirhugað er að þær fari frá Víkingsheimilinu.
- Ákveðið að senda foreldrum upplýsingapóst í kjölfar skólaráðsfundarins og boða til foreldrafundar 18. mars kl. 17:00 þar sem ákvörðun um flutning á skólastarfinu í Laugardalinn verður kynnt.
- Í undirbúningi er fræðslufundur fyrir foreldra um áhrif myglu á innivist og heilsu. Upplýsingar um tímasetningu liggja fyrir fljótlega.
- Fulltrúi kennara vildi koma á framfæri óánægju með að kennarar þyrftu að vinna mikið að því að rýma skólann.